

Alþingi
Erindi nr. P 126/1770
komudagur 3.4.2001

Umhverfisnefnd Alþingis
Alþingi
150 Reykjavík

Reykjavík 3. apríl 2000
Tilv.: 003-101 JGO/gk

Efni: Frumvarp um lax- og silungsveiði.

Óskað hefur verið eftir álitum Náttúrufræðistofnunar Íslands á frumvarpi til laga um breytingu á lögum um lax- og silungsveiði, nr. 76/1970, með síðari breytingum (389. mál). Eftirfarandi eru helstu athugasemdir stofnunarinnar:

Í 3. gr. frumvarpsins kemur fram að til fiskeldis og hafbeitar þurfi rekstrarleyfi landbúnaðarráðherra. Við meðferð umsókna um rekstrarleyfi skal landbúnaðarráðherra m.a. leggja mat á vistfræðilega þætti sem kunna að fylgja starfsemi eldis- eða hafbeitarstöðva. (3. tl.). Þar sem starfsemi eldis- og hafbeitarstöðva getur haft margvísleg vistfræðileg áhrif á náttúruviðkomandi svæðis þykir eðlilegt að leitað sé eftir umsögn frá Náttúruvernd ríkisins og Náttúrufræðistofnun Íslands áður en rekstrarleyfi eru veitt, sérstaklega ef viðkomandi framkvæmd hefur ekki farið í mat í umhverfisnefnd, sbr. lög nr. 106/2000.

Einnig þykir eðlilegt að umhverfisráðherra skipi fulltrúa í fiskeldisnefnd til að tryggja að umhverfissjónarmið verði höfð að leiðarljósi í starfi nefndarinnar.

Þegar um er að ræða eldistegundir eða stofna sem eiga ekki náttúrleg heimkynni í íslenskri náttúru ætti að gæta sérstakrar varúðar og um slík leyfi ættu að gilda strangar reglur. Íslendingar eiga aðild að margvíslegum alþjóðasamningum og samþykktum sem kveða á um sleppingu framandi tegunda af mannavöldum, hvort sem um er að ræða slysasleppingar eða vísvitandi aðgerð. Flestar þessar alþjóðlegu skuldbindingar eru með þeim hætti að þær hafa lítið gildi fyrr en þær hafa verið teknar upp í landslög. Mikilvægt er þess vegna að horfa til þeirra við setningu laga.

Dæmi um slíka alþjóðlega samninga og samþykktir, sem varða fiskeldi eru:

- Ríó-samningurinn um líffræðilega fjölbreytni frá 1992, en þar segir í grein 8h: Contracting parties undertake „to prevent the introduction of, control or eradicate those alien species which threaten ecosystems, habitats and species.” Ákvæði þetta tekur ekki eingöngu til tegunda, heldur einnig stofna og arfgerða.
Einnig má benda á ákvörðun nr. 8 frá 5. ráðstefnu aðildarríkjanna, en þar er m.a. að finna 15 meginreglur varðandi framandi lífverur.
- Hafréttarsamningurinn frá 1982, en í honum segir m.a.: „States shall take all measures necessary to prevent, reduce and control ... the intentional or accidental introduction of species, alien or new, to a particular part of the marine environment, which may cause significant and harmful changes thereto” (196. grein).
- Bernarsamningurinn um vernd villtrar náttúru í Evrópu frá 1979. Þar segir að sérhvert aðildarríki skuldbindi sig „to strictly control the introduction of non-native species”.

Mörg fleiri slík dæmi um alþjóðlegar skyldur mætti nefna, en hér er látið nægja að vísa til viðbótar til ritsins „Introduced species in the Nordic Countries” (Nord Environment, Nord 2000:13), sem gefið er út á vegum norrænu ráðherranefndarinnar.

Náttúrufræðistofnun leggur til að sett verði ákvæði í texta frumvarpsins um vernd líffræðilegs fjölbreytileika. Kveða ætti á um þá skyldu landbúnaðarráðherra að taka fullt tillit til alþjóðlegra samninga við leyfisveitingar. Helst ætti að setja þá kröfu að heimild umhverfisráðherra þurfi þegar um er að ræða eldi á framandi tegundum, stofnum eða arfgerðum, skv. 41. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd sem fjallar um innflutning, ræktun og dreifingu slíkra lífvera.

Virðingarfyllst,

Jón Gunnar Ottósson
forstjóri